Patreksfjörður 24.3.2018

Til: Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Kristjáns Þórs Júlíussonar

Afrit sent: Landssambandi smábátaeigenda

Erindi: Frumvarp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (strandveiðar), (þingskjal 611 – 429. mál).

Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátaeigenda í Barðastrandasýslu, skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra; Kristján Þór Júlíusson að stíga skrefið til fulls, og tryggja nægar aflaheimildir til strandveiðikerfisins svo að með nýtilkomnu lagafrumvarpi (þingskjal 611 – 429. mál), megi veiða 12 daga í mánuði, alla 4 mánuðina (maí – ágúst).

Strandveiðifélagið Krókur vill einnig skora á ráðherra að afnema takmarkanir á vikudögum og „rauðum“ dögum þar sem 4 dagar í viku eru nægar takmarkanir og að leyfa löndun á ufsa (sem teljist ekki til hámarksafla), og að ekki þurfi að landa honum sem VS afla.

F.h. Strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður